

Fundargerð 552

Miðvikudaginn 24. september 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í sal Bata- og hlunnindasýningarinnar á Reykhólum. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Sigríður Ólafsdóttir (SÓ) varamaður, Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Haraldur Benediktsson (HB) boðaði forföll.

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 1 í gegnum fjarfundarbúnað), Haraldur Reinhardsson sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4 í gegnum fjarfundarbúnað), Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:30 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Áhættustefna Byggðastofnunar - til kynningar og afgreiðslu
2. Skýrsla ábyrgðarmanns peningabættis - til kynningar
3. Endurskoðun á reglum um peningabætti - til afgreiðslu
4. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar
5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
6. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur
9. Brothættar byggðir - til kynningar

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Áhættustefna Byggðastofnunar - til kynningar og afgreiðslu

EHP tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fyrir fundinum liggur tillaga að uppfærðri áhættustefnu Byggðastofnunar sem EHP kynnti auk þess sem hún kynnti skipulag og hlutverk áhættustýringar. Er um smávægilegar breytingar að ræða á áhættustefnu og uppfærslu á tilvísanir í lög og reglugerðir.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME, HP og HÁ

Formaður bar upp 10. útgáfu Áhættustefnu Byggðastofnunar til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

EHP vék af fundi.

2. Skýrsla ábyrgðarmanns peningabættis - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla forstöðumanns lögfræðisviðs sem jafnframt er ábyrgðarmaður peningaþvættis vegna ársins 2025 auk gagnsæistilkynningar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna niðurstöðu á athugun á aðgerðum stofnunar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem HÁ kynnti.

3. Endurskoðun á reglum um peningaþvætti - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að uppfærðum reglum Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem HÁ kynnti.

Til máls tóku MS, VPÁ, SH og HÓ.

Formaður bar upp reglur Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og voru þær samþykktar samhljóða.

4. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar

HR tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fyrir fundinum liggur greinargerð um svæðisbundna flutningsjöfnun 2025 sem HR kynnti.

Voru styrkir veittir til 70 fyrirtækja að fjárhæð 157 m.kr.

Til máls tóku HGÓ, AME, SH, HP, MS, HI og HÓ

HR vék af fundi.

5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 29/25-33/25 sem HP reifaði. Lánveitingar stofnunarinnar hafa aldrei verið meiri en það sem af er þessu ári. Upplýsti hún um að Byggðastofnun hefði nú nýtt nánast að fullu þær ábyrgðarheimildir sem samkomulag var um við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) í tengslum við InvestEU ábyrgðarsamkomulagið. Stofnunin hefur átt fund með fulltrúum EIF varðandi framhald á samkomulaginu en ekki er búist við niðurstöðu fyrr en í mars á næsta ári.

Þá hefur stofnunin átt í viðræðum við Fjármála- og efnahagsráðuneytinu um aukna lántökuheimild í fjáráukalögum og fjárlögum 2026.

Þar til niðurstöður nást í ofangreindar viðræður verða ný lánsloforð gefin út með fyrirvörum og veðsetningarhlutfall lána með InvestEU ábyrgð lækkuð í almenn veðsetningarhlutföll samkvæmt lánareglum

Til máls tóku MS og HÓ.

6. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. ágúst sl. sem SEÞ og AME kynntu.

Til máls tóku HÓ, MS, HI og HGÓ.

7. Önnur mál

Hæfi stjórnarmanna

HGÓ og AME upplýstu um bréf sem stofnuninni barst frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfi stjórnarmanna. FME/SÍ hefur óskað eftir að stofnunin upplýsi eftirlitið um hæfi stjórnarmanna. Fundur er fyrirhugaður með innviðaráðuneytinu í vikunni.

Til máls tóku HÁ og HÓ.

Ársfundur Byggðastofnunar

Í framhaldi af ákvörðun stjórnar á síðasta fundi um staðsetningu næsta ársfundar stofnunarinnar upplýsti AME að fundurinn verði haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvol á Kirkjubæjarklaustri 28. maí 2026.

8. Næsti fundur

Næsti fundur er samkvæmt starfsáætlun 16. október á Djúpavogi.

MS spurðist fyrir hvort hægt væri að byrja stjórnarfundum sem fyrirhugaðir eru með fjarfundi kl. 10:30 í stað 9:00 út starfsárið. Það var samþykkt samhljóða.

9. Brothættar byggðir - til kynningar

HH kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti Brothættu byggða verkefnið Fjárjóð fjalla of fjarða. Að auki komu á fundinn Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri Reykhólahrepps, Jóhanna Ösp Einarsdóttir oddviti Reykhólahrepps, Hrafnkell Guðnason verkefnastjóri, Hrefna Jónsdóttir fulltrúi Reykhólahrepps og Vésteinn Tryggvason fulltrúi íbúa.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Var gert matarhlé kl. 12:00 og sleit formaður fundi í kjölfarið.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Sigríður Ólafsdóttir

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þórarinn Ólafsson